



Borgarráð

Samkomulög vegna niðurrifs flugskýla.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag við Sigurð Pálmason kt. 280170-4379, um niðurrif flugskýlis, með fastanúmerið 234-7521, auk afhendingar á geymslu og skrifstofu með sama fastanúmer annars vegar og samkomulag við Hverfiseignir ehf. kt. 700909-0340, um niðurrif flugskýlis með fastanúmerið 202-9306, hins vegar.

Greinargerð: Reykjavíkurborg og íslenska ríkið gerðu með sér samkomulag um kaup á svokölluðu Skerjafjarðarlandi þann 1. mars 2013 sem efnt var með gerð kaupsamnings og afsals dags. 11. ágúst 2016. Afsali þessu hefur ekki fengist þinglýst vegna kröfuréttinda eigenda flugskýla sem eru á umræddu Skerjafjarðarlandi og umrædd samkomulög taka til.

Samkvæmt umræddu samkomulagi milli íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar ber ríkinu að skila kvaðalausum landi. Jafnframt er samið um að aðilar finni lausn á brottflutningi flugskýlanna og að þeir skuli skipta með sér kostnaði sem af honum hlýst.

Er það sameiginleg niðurstaða ríkisins og Reykjavíkurborgar að ganga til samninga við eigendur þeirra í stað þess að höfða mál um brottflutning flugskýlanna, sem eru án lóðarréttinda. Tilgangur þess er að tefja ekki framgang á gerð deiliskipulags fyrir Skerjafjarðarlandið og greiða þar með fyrir sölu byggingarréttar á svæðinu.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Samkomulag við Sigurð Pálmason dags. 20.3.2017 og við Hverfiseignir ehf. dags. 20.3.2017.

Samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Ríkissjóðs Íslands óundirritað og ódagsett.

SAMKOMULAG

Ríkissjóður Íslands kt. 540269-6459, og Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar Eignasjóðs, kt. 570480-0149, gera með sér svofellt samkomulag vegna niðurrifs og brottflutnings eftirfarandi flugskýla á Reykjavíkflugvelli:

- Flugskýli 252 fermetrar merkt 01 0101, fastanúmer 202-9306.
- Flugskýli 14, 169,3 fermetrar merkt 40 0101, fastanúmer 234-7521.
- Skrifstofa, 48,7 fermetrar merkt 410101, fastanúmer 234-7521.
- Geymsla, 14,6 fermetrar merkt 410101, fastanúmer 234-7521.

Fasteignamat framangreindra fasteigna (húsmat) án lóðarréttinda nemur kr. 35.210.000.-

Framangreindar eignir eru inn á landi því sem ríkissjóður Íslands seldi Reykjavíkurborg með samkomulagi hinn 1. mars 2013, sbr. kaupsamning og afsal dags. 11. ágúst 2016.

Seljanda ber að skila kvaðalausum landi samkvæmt framangreindum samningi og er kveðið á um það að samningsaðilar skuli vinna að því að finna lausn á flutningi bygginga af hinu selda landi og bera sameiginlegan kostnað af því.

Mikilvægt er í ljósi þeirra tafa sem urðu á framkvæmd sölunnar að sem fyrst verði hægt að efna samkomulag um sölu landsins og hefja hindrunarlausa skipulagningu heildarsvæðisins og sölu byggingarréttar.

Þrátt fyrir að umræddar fasteignir séu án lóðarréttinda var það sameiginlegt mat aðila að freista þess að ná samkomulagi við eigendur umræddra eigna um niðurrif eignanna og brottflutning af hinu selda landi.

Kostnaður vegna samninga um niðurrif og brottflutning framangreindra eigna er kr. 35,2 m.kr., sem aðilar samkomulags þessa munu skipta með sér til helminga. Hlutur ríkissjóðs, verðbættur miðað við vísitölu neysluverðs, dregst af uppgjöri um sölu byggingarréttar á grundvelli framangreinds samkomulags um sölu landsins.

Reykjavík, mars, 2017.

fjármála- og efnahagsráðuneytið

f.h. ríkissjóðs Íslands

f.h. Reykjavíkurborgar

með fyrirvara um samþykki borgarráðs

SAMKOMULAG

Ríkissjóður Íslands kt. 5402695459 og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 annars vegar, og Sigurður Pálmason kt. 280170-4379 hins vegar, gera með sér svofellt samkomulag vegna niðurrifs og brottflutnings neðangreinds flugskýlis og jafnframt um skrifstofu og geymslu á Reykjavíkurlflugvelli:

- Flugskýli 14, 169,3 fermetrar merkt 40 0101, fastanúmer 234-7521.
- Geymsla, 14,6 fermetrar merkt 410101, fastanúmer 234-7521.
- Skrifstofa, 48,7 fermetrar merkt 410101, fastanúmer 234-7521

Samkomulag þetta miðast við að Sigurður Pálmason annist niðurrif á flugskýli á sinn kostnað. Niðurrif fer fram með þeim hætti að Reykjavíkurborg leggur til gáma en efnið er flokkað í gáma. Reykjavíkurborg skal taka við gámum og urða efni á sinn kostnað. Skal því lokið fyrir 1. desember 2017. Geymsla og skrifstofa eru afhentar Reykjavíkurborg til fullrar ráðstöfunar við undirritun samkomulags þessa.

Heildarfasteignamat umræddra eigna er kr. 26.160.000.-, þar af er lóðarmat kr. 4.100.000.-


Af ofangreindum eignum reiknast og greiðast ekki fasteignagjöld á árinu 2017.

Greiðsla samkvæmt samkomulagi þessu er kr. 22.060.000.-

Hluti greiðslunnar, eða kr. 18.000.000.- skal greidd við undirritun samkomulags þessa en eftirstöðvar kr. 4.060.000.- greiðast, þegar niðurrif flugskýlisins hefur farið fram og úttekt þess hefur verið tilkynnt til byggingafulltrúa, auk þess sem allar eignirnar hafa verið afmáðar af skrár Þjóðskrár Íslands og þinglýsingarskrá.

Seljandi skuldbindur sig til þess að árita afsal milli Reykjavíkurborgar og Ríkissjóðs Íslands um sölu svokallaðs Skerjafjarðarlands skv. afsali dags. 11.8.2016. Miðast uppgjör fasteignagjalda við þann dag.

Reykjavík, 20. mars 2017


Sigurður Pálmason

f.h. Reykjavíkurborgar


Samþykkt með fyrirvara um samþykki borgarráðs

fjármála- og efnahagsráðuneytið f.h. ríkissjóðs

Íslands.

Vottar að rétttri undirskrift samkomulags þessa, fjárræði, hæfi

og dagsetningu


240346-2179

SAMKOMULAG

Ríkissjóður Íslands kt. 5402695459 og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 annars vegar, og Hverfiseignir ehf. kt. 700909-0340 hins vegar, gera með sér svofellt samkomulag vegna niðurrifs og brottflutnings neðangreinds flugskýlis á Reykjavíkflugvelli:

- Flugskýli 252,0 fermetrar, merkt 01-0101, fastanúmer 202-9306,

Samkomulag þetta miðast við að Hverfiseignir ehf. annist niðurrif og brottflutning eignarinnar á sinn kostnað fyrir 1. desember 2017. Niðurrif fer fram með þeim hætti, að Reykjavíkurborg leggur til gáma en efnið er flokkað í gáma. Reykjavíkurborg skal taka við gámum og urða efnið á sinn kostnað. Skal því verða lokið fyrir 1. desember 2017.

Heildarfasteignamat umræddrar eignar er kr. 17.590.000.-, þar af er lóðarmat kr. 4.440.000.-

Af framangreindri eign reiknast og greiðast ekki fasteignagjöld á árinu 2017.

Greiðsla samkvæmt samkomulagi þessu er kr. 13.150.000.-

Hluti greiðslunnar kr. 10.000.000.- skal greiddur við undirritun samkomulags þessa og eftirstöðvar greiðast þegar niðurrif og brottflutningur eignar hefur farið fram og úttekt þess hefur verið tilkynnt til byggingafulltrúa auk þess sem eignin hafi verið afmáð af skrár Þjóðskrár Íslands og þinglýsingarskrá.

Seljandi skuldbindur sig til þess árita afsal milli Reykjavíkurborgar og Ríkissjóðs Íslands um sölu svokallaðs Skerjafjarðarlands skv. afsali dags. 11.8.2016. Miðast uppgjör fasteignagjalda við þann dag.

Reykjavík, 20. mars 2017

eu. Almar Þ. Møller

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Hverfiseigna ehf.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki borgarráðs

fjármála- og efnahagsráðuneytið f.h. ríkissjóðs
Íslands.

Vottar að rétttri undirskrift samkomulags þessa, fjárraði, hæfi

og dagsetningu

Almar Þ. Møller

240346 2179

Skjalið samdi: Magnús Ingi Erlingsson

Kt. 080565-4619

YFIRLÝSING VEGNA ÞINGLÝSINGAR AFSALS

Sigurður Pálmason kt. 280170-4379, heimilar Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 (afsalshafa) að þinglýsa afsali Ríkissjóði Íslands kt. 5402695459 (afsalsgjafa) um svokallað Skerjafjarðarland, sbr. afsal dags. 11.8.2016, á landi með landnúmerið 106747 en Sigurður Pálmason er eigandi að,


Flugskýli 14, 169,3 fermetrar að stærð, merkt 40 0101, með fastanúmerið 234-7521.

Geymslu, 14,6 fermetrar að stærð, merktu 410101, með fastanúmerið 234-7521.

Skrifstofu, 48,7 fermetrar að stærð, merktu 410101, með fastanúmerið 234-7521.

Ofangreind flugskýli standa á hinu afsalaða landi.


Reykjavík 20.3.2017.




Sigurður Pálmason kt. 280170-4379

Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði og

undirritun:



kt. 080565-4619



kt. 280346-2572

Skjalið samdi: Magnús Ingi Erlingsson

Kt. 080565-4619

YFIRLÝSING VEGNA ÞINGLÝSINGAR AFSALS

Hverfiseignir ehf. kt. 700909-0340 heimila Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 (afsalshafa) að þinglýsa afsali Ríkissjóði Íslands kt. 5402695459 (afsalsgjafa) um svokallað Skerjafjarðarland, sbr. afsal dags. 11.8.2016, á landi með landnúmerið 106747 en Hverfiseignir eru eigendur að flugskýli sem er 252,0 fermetrar, merkt 01-0101, með fastanúmerið 202-9306, sem stendur inná umræddu landi.

Reykjavík 20.3.2017.

e.u. Almas Þ. Møller

f.h. Hverfiseigna ehf.

Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði og

undirritun:

Almas Þ. Møller

kt. 200346-2079

Magnús Ingi Erlingsson

kt. 080565-4619